

Fornleifakönnun vegna deiliskipulags á Tálknafirði



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Desember 2014
NV nr. 22-14

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Markmið og aðferðir	3
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
2.2 Aðferðafræði	5
3. Skrá yfir fornleifar	5
3.1 Tunga ÍS- 154.....	5
4. Niðurstaða	9
4.1 Þakkir	9
5. Kort 1.....	10
6. Heimildaskrá.....	11
7. Viðhengi 1. Deiliskiplagsuppdráttur: tillaga að íbúabyggð.	12

1. Inngangur

Að beiðni sveitastjóra Tálknafjarðarhrepps gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun vega deiliskipulags á um 11,6 ha svæði sem afmarkast af Bugatúni í suðri, Lækjargötu í austri, Hrafnadalsvegi í vestri og Móatúni í norðri (viðhengi 1). Svæðið sem skoðað var tilheyrði áður Tungubæjum sem voru a.m.k fjórir á 18. öld. Í dag hefur byggðin á Tálknafirði byggst upp í landi Tungubæjanna. Örnefni benda til að tún bæjanna hafi verið á svæðinu sem verið er að deiliskipuleggja og bera íbúðargötur þessi örnefni: Miðtún, Túngata og Móatún.

Innan deiliskipulagsreitsins eru nokkur auð svæði á milli húsa og voru þau sérstaklega skoðuð. Auk þess var svæði ofan við Móatún skoðað en þar hefur verið skipulögð ný gata. Það svæði er nokkuð blautt og fannst þar eina fornleifin sem var innan deiliskipulagsreitsins, en þetta var grjóthlaðinn garður. Vitað var út frá heimildum og loftmyndum að minjar væru við mörk deiliskipulagsreitsins og voru þær minjar einnig skráðar. Þær minjar eiga ekki að vera í hættu vegna hugsanlegra framkvæmda.

Fornleifaskráning á vettvangi fór fram 29. nóvember 2014 og var gerð af Margréti H. Hallmundsdóttur fornleifafræðing sem jafnframt sá um skýrsluskrif.

2. Markmið og aðferðir

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skráðgarðar og

kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum

vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

3. Skrá yfir fornleifar

Númerin eru fengin úr Jarðatali Johnsens frá 1847 (d. Tunga 157). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. ÍS- Tunga -157). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

3.1 Tunga ÍS- 154

Tunga í Tálknafirði, saga

Í Jarðabók Árna og Páls segir frá því að á bænum Tungu séu fjórir bæir sem allir beri sama nafn. Bæirnir standi í landi Tungu, túni og engjum sé skipt á milli þeirra og að einn bærinn sé hinum megin árinna¹. Árið 1805 er jörðinni hinsvegar skipt í Innri Tungu sem var 7½ hundruð að dýrleika og Ystu Tungu sem var 22 ½ hundruð að dýrleika. Jörðin sem getið er um hinum megin árinna er að öllum líkindum Innsta Tunga. Í Jarðabókinni er sagt frá fimm ábúendum í Tungu en ekki skilgreind frekari nöfn á býlum. Byggð á Tálknafirði byggðist upp í landi jarðarinnar Tungu og á 19. öld eru kominn fram sérnöfn á bæina og heita þeir Ysta-Tunga, Mið-Tunga og Innsta-Tunga.

¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1938:344

003**Hlutverk:** Óþekkt/Túngarður**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A 278047 N 578682**Staðhættir:** Um 40 metra beint norður af húsi númer 18 við Móatún er grjóthlaðin garður.**Minjalýsing:** Garðurinn er um 1½ m á breidd og er að mestu ógróin. Hæð hans er um 40 cm þar sem hann er hæstur. Garðurinn er 40 m langur í NV/SA stefnu og beygir svo til norðus og er 57 metrar langur í þá stefnu. Alls er garðurinn því 97 metrar. Garðurinn gæti**Mynd 1.** Garðurinn ofan við Móatún.

verði nokkuð gamall. Utan við deiliskipulagsreit, hinumegin við skurð sem liggur þvert á hlíðina, virðist sem að framhald sé af garðinum. Þar nærri eru rústir sem virðast vera gamlar bæjarrústir. Hugsanlegt er að þetta sé túngarður frá einum af Tungu bæjunum.

004**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla**Staðsetning:** A 277825 N 578626**Staðhættir:** Við hornið þar sem Túngata og Hrafnadalsvegur mætast er hleðsla.**Minjalýsing:** Hlaðið hefur verið upp grjóti til að mynda sléttan flöt í brekkuna. Hugsanlega getur verið um matjurtargarð að ræða. Ólíklegt er að hér sé um að ræða fornleifar.**Mynd 2.** Hleðsla við Túngötu.

005

Tegund: Rúst**Hlutverk:** Fjánhús/hlaða**Staðsetning:** A 278181 N 578099


Staðhættir: Aðeins nokkrum metrum utan við deiliskipulagssvæðið er rúst af fjárhúsi með sambyggðri hlöðu. Fjárhúsið er 40 metra beint fyrir ofan Móatún 8.

Minjalýsing: Fjárhúsið stendur í hlíðinni

ofan við Móatún sem er efsta gata í **Mynd 3.** Fjárhúsið rétt utan við deiliskipulagsreit.

þorpinu. Fjárhúsið hefur sambyggða hlöðu og við hliðina, samfast við fjárhús og hlöðu, er hleðsla sem er nær örugglega rétt til að halda fé við fjárhúsið. Garðar eru til beggja hliða í fjárhúsinu en ekki virðist hafa verið innangengt á milli fjárhús og hlöðunar aftanvið. Hurð hefur verið á hlöðunni utan við fjárhúsið. Hleðslur eru ekki mikið hrundar og veggir því nokkuð háir eða um 1½ m þar sem þeir eru hæstir. Rústin er nokkuð vel gróin. Líklegt er að fjárhús þessi hafi verið frá einhverjum af Tungubæjunum en þau eru ekki mjög forn og gætu hafa verið notuð vel fram á 20. öld. Ofan við fjárhúsið er skurður. Aftan við skurðinn ofar í hlíðinni eru eldri minjar. Stærð fjárhúsrústar er að innanmáli 9x2 metrar.

Hlaðan er að innanmáli 7x3 metrar. Réttin framan við hlöðuna og við hlið fjárhúsins er 10x10 metrar.

**Teikning 1.** Fjárhús, hlaða og rétt.

006


Tegund: Rúst**Hlutverk:** Bústaður/rétt**Staðsetning:** A 278639 N 577722

Staðhættir: Rétt vestan við Hólsá, nálægt nýlegri trébrú yfir ána, eru tvær rústir. Samkvæmt heimildarmanni var þarna þurrabúð sem hét Árbær í landi Hóls. Þarna bjuggu síðast hjónin Gísli Einarsson og Sólborg Sigurðardóttir sem voru í húsmennsku víða í Tálknafirði. Konan var þekkt fyrir hannyrðir sínar. Maðurinn vann við járnsmíði og er rúst þarna við hliðina sem gæti hafa verið smiðja hans. Síðar var gerð rétt þar sem húsið stóð og rústir þeirra sjást þar í dag. Ekki er vitað um búsetu í Árbæ eftir 1916.

Minjalýsing: Rústin er rétt að sögn heimildarmanna. Rústin er að utarmáli 10x7 metrar og að innanmáli 2x7. Hæð hleðslna er hæst um 120 cm. Það sást ekki ummerki eftir þurrabúðina en leifar af henni gætu leynst undir réttinni.



Mynd 4. Rétt en var þar áður þurrabúð, sem bar líklega nafnið Árbær.



Teikning 2. Árbær: rétt/þurrabúð og útihús/smiðja.

007

Tegund: Rúst**Hlutverk:** Útihús/smiðja**Staðsetning:** A 278639 N 577722

Staðhættir: Um 3 metra frá SV horni hússins er lítil rúst.

Minjalýsing: Rústin er opin í átt að sjó og að núverandi kirkju. Utan mál rústarinnar eru 9x5 metrar. Hleðslur rústarinnar eru um 1 m þar sem þær eru hæstar. Rústin er full af járnarusli og þar á meðal er bárujárn og fúinn viður sem gætu verið úr þaki hússins.



Mynd 5. Útihús, hugsanlega smiðja.

Rústin er gróin en það sér í hleðslur. Samkvæmt heimildarmanni voru húsin notuð síðast til að sviða hausa.

4. Niðurstaða

Við fornleifakönnun á deiliskipulagssvæðinu fannst aðeins ein fornleif, það er garðlag (003) ofan við götuna Móatún, þar sem ný gata er fyrirhuguð. Garðlagið er í grýttri en grasivaxinni hlíð þar sem er mikil skórækt. Við gatnamót Túngötu og Hrafnadalsvegar fannst hleðsla (004) en ólíklegt er að hér sé um að ræða fornleif.

Vegna nálægðar við útlínur deiliskipulagssvæðis voru einnig mældar inn og skráðar rústir fjárhúss [005] sem er aðeins nokkra metra utan við deiliskipulagsreit. Einnig voru skráðar rústir þurrabúðar [006-007] vestan við Hólsá sem líka eru utan deiliskipulags. Við vettvangskönnun fundust fleiri rústir ofar í hlíðinni, ofan við skurð sem liggur þvert á hlíðina. Þær voru sumar hverjar mældar upp en eru ekki með í þessari skýrslu þar sem þær voru langt utan við fyrirhugað deiliskipulag.

Eftir vettvangskönnun er því ljóst að eina fornleifin, sem sjáanleg er á yfirborði á fyrirhuguðum deiliskipulagsreit, er garðlag [003]. Ekki er auðvelt að aldursgreina garðlagið vegna skorts á gjóskulögum á svæðinu. Líklegt er að garðurinn sé túngarður frá rústum, sem eru ofar í hlíðinni, þær rústir væri hugsanlega hægt að aldursgreina. Ekki er vitað hvaða bær þetta er en í Jarðabók Árna og Páls er greint frá því að fimm búendur hafi verið í Tungu² og getur þetta vel hafa verið einn af þeim bæjum.

Ef garðlagið (003) er í hættu við framkvæmdir eða það þarf að raska því þá ber að hafa samband við Minjastofnun Íslands og fá umsögn. Þess ber að geta að oft sjást minjar ekki á yfirborði. Komi minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva þær strax og hafa samband við Minjastofnun Íslands.

4.1 Þakkir

Eva D. Jóhannesdóttir og Böðvar Þórisson lásu yfir og Hulda B. Albertsdóttir sá um kortavinnslu. Heimildafólki er þakkað fyrir veittar upplýsingar en vildu ekki láta nöfn sín getið í skýrslunni.

² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1938:344



6. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 7. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Óprentaðar Heimildir

Örnefnastofnun Íslands

Örnefnaskrá fyrir Tungu



Hluti af Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018

- Mörk deiliskipulags
- Byggingareitur
- Byggingareitur bindandi
- Lóðamörk
- E1/E2 Einbýlishús
- P1/P2 Parhús
- R Raðhús
- Gangstétt
- ▨ Kvöð um aðkomu

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Byggingarnefnd þann _____ 2014 og í hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps þann _____ 2014.

Tillagan var auglýst frá _____ 2014 með athugasemdafresti til _____ 2014.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2014.

BR. DAGS. BREYTING REKN. TEKN.

TÁLKNAFJÖRÐUR

TÁLKNAFJARÐARHREPPUR - MIÐTÚN 1, 460 TÁLKNAFJÖRÐUR



LANDMÖTUN HAMRAÐRÖG 12 · 201 KÓPAVOGUR · Sími: 575 5300 · FAX: 554 5360 · NETFANG: landmotun@landmotun.is

DEILISKIPULAG TILLAGA AÐ ÍBÚÐABYGGÐ

DEILISKIPULAG - SKÝRINGARUPPDRÁTTUR	HANNAÐ: YPL
	TEKNAÐ: MGJ
	SAMÞYKKT
	KT
KVARDI 1: 1500	KÓPAVOGUR
VERKNR.	TEKNI. NR.
4607-DI-1404	SD01